

1863.

30. nóvbrm.

og Gullbringusýslu; var síðan í fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1861—62 veittur sá frestur með borgun láns þessa, að það ætti að endurgjaldast á fimm árum, er talin væru frá 1. degi aprílm. 1861, og skyldi greiddur einn fimmtungur hvert árið.

Dómsmálastjórninni þykir nú illa farið, að skilmálar þeir, er settir voru um borgun skuldar þessarar, hafa svo mjög verið vanhaldnir, að eptir skýrslum þeim, er stjórnarráðið hefir við að styðjast, hefir jafnvel ekkert verið borgað inn í ríkissjóðinn upp í skuldina.

Með því þessu er þannig varið, og það er dómsmálastjórninni mjög áriðandi, að nú verði án lengri undandráttar úr þessu bætt, þá skal hërmeð skorað á yður, herra stiptamtmaður, að þér gjörðið þær ráðstafanir sem þörf er á, bæði til þess, að það af skuldinni, sem þegar er áfallið til borgunar, verði greitt hið bráðasta, og einnig að það, sem hèreptir ber að borga, verði greitt á réttum tíma, og skal þess getið í þessu efni, að í tekjudálkinum í frumvarpinu til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65 verður tilfært það af skuldinni, sem borga hefði átt árin 1861—62, 1862—63, 1863—64 og 1864—65, en það eru alls 800 rdl., og verður því þessi upphæð að vera borguð fyrir lok fjárhagsársins 1864—65, og má það eigi bregðast.

Stjórnarráðið vonast eptir, að þér sendið hingað í tækan tíma skýrslu um það, sem borgað verður samkvæmt því, sem að ofan er sagt.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli. 30. nóvbrm.

Í bréfi dagsettu 19. dag febrúarmán. þ. á. skoraði dómsmálastjórnin á amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu, að leigja verzlunarhúsinu Örum & Wulff þann hluta af silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli, sem er eign ríkissjóðsins, fyrst um sinn um fimm ár fyrir 100 ríkisdala afgjald á ári, ef það kæmist á, sem gjört var ráð fyrir í bænarskrá verzlunarhúss þessa,

1863.
30. nóvbrm.

að C. Túliníus með þess tilstyrk hagnýti sér hina þrjá fjórðu hlutana náma þessa. Amtið hefir síðan í bréfi d. 13. júnímán. þ. á. skýrt stjórnarráðinu frá, að það, sem þannig var gjört ráð fyrir, hafi eigi komið á, og hafi Túliníus lýst því yfir, að hann stundi námann fyrir sjálfan sig, án þess verzlunarhúsið styrki hann neitt til þess, hefir því amtið stungið uppá, að ríkissjóðsins hluti af námanum verði leigður Túliníusi (samkvæmt beiðni hans í skjali því, er þér, herra amtmaður, senduð hingað með bréfi yðar 10. d. septembermán. þ. á.) um þau 4 ár, sem eptir eru af þeim tíma, er hann hefir fengið leigðan hinn hlutann námanns, fyrir 110 rdl. afgjald á ári; amtið hefir og bætt því við, að sýslumanninum í Suðurmúlasýslu hafi verið boðið að heimta eptirgjaldið eptir námann fyrir yfirstandandi ár, þareð Túliníus se þegar farinn að hagnýta sér hann þetta árið.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að beint eptir orðunum í bænarskrá Túliníusar hefir hann aðeins kveðizt fús að greiða hið sama eptirgjald eptir námann, sem verzlunarhúsið Örum & Wulff hafði boðið, og að það álit hans er skakkt, að verzlunarhúsið hafi boðið 110 rdl. á ári, með því það, einsog yður, herra amtmaður, er kunnugt, lagði á vald stjórnarráðsins að ákveða upphæð eptirgjaldsins, þá skal yður hærmeð kunn-gjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð ráðstafanir í því efni, að leigja skal Túliníusi verzlunarstjóra ríkissjóðsins hluta í námanum um 5 ár, talin frá 1. degi janúarmán. 1863, fyrir 100 rdl. á ári, er greiddir seu til hlutaðeiganda umboðs-sjóðs, og að öðru leyti með þeim kjörum, sem þér álítið hæfa bæði með tilliti til notkunar á námanum og annara atvika, sem hér kunna að koma til greina.

Þegar þar að kemur, ber að senda hingað eptirrit af leigu-samningnum. Eptir bréfi amtsins 13. d. júním. þ. á. þykir ástæða til að geta þess að endingu, að ef Túliníus hefir greitt 110 rdl. í eptirgjald eptir námann fyrir yfirstandanda ár, þá ber að borga honum aptur 10 ríkisdali.